

Samstarf Ásahrepps og Rangárþings ytra – skrifstofukostnaður

Gert er ráð fyrir að tiltekin þjónusta við byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni verði veitt af skrifstofum aðildarsveitarfélaganna.

Þjónusta sem reiknað er með að verði veitt er t.d. vinna við bókhald, launavinnsla, innheimta tekna, greiðsla reikninga og önnur fjármálaumsýsla.

Gert er ráð fyrir að gerðir verði þjónustusamningar um þessi verkefni þar sem m.a. verkefnið er skilgreint og ákvarðað hvernig það er verðlagt.

Um verðlagningu á þjónustu sem veitt er byggðasamlögum:

- E.t.v. rétt að hafa fast fyrirframákveðið verð sem er ákveðið við fjárhagsáætlanagerð.
- Verðið byggir m.a. á áætluðu umfangi þjónustunnar (tímafjölda) á grunni kostnaðarverðs þar sem með er talinn launakostnaður og annar beinn og óbeinn skrifstofukostnaður.
- Umfang væri hægt að meta m.t.t. tímaskráninga starfsmanna á tilteknum tímabilum, en e.t.v. ekki þörf á viðvarandi tímaskráningu (það er þó einn möguleikinn).
- Ákveða þarf hvort sveitarfélögin geri þetta upp sín á milli eða hvort byggðasamlögin greiði fyrir þjónustuna til þess sveitarfélags sem sinnir henni. Ef byggðasamlögin greiða þetta til sveitarfélags yrði kostnaði skipt eins og annar rekstrarkostnaður viðkomandi verkefnis í samræmi við kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna.

Grunnur kostnaðarverðs

Unnin var greining á kostnaði við rekstur skrifstofu Rangárþings ytra á grunni fjárhagsáætlunar 2015. Greiningin byggir annars vegar á sundurliðun kostnaðarliða og hins vegar á upplýsingum um þau störf sem unnin eru á skrifstofunni. Störfum var skipt í fernt:

- Stjórnun
- Bókhald
- Laun
- Innheimta

Sundurliðun kostnaðarliða var yfirfarin og flokkuð niður á framangreind störf. Kostnaðinum var skipt í þrjá liði:

- Beinn launakostnaður
- Beinn kerfiskostnaður
- Óbeinn skrifstofukostnaður

Launakostnaði var skipt upp m.v. áætlaða skiptingu út frá fyrirliggjandi rauntölum 2015 samkvæmt launakerfi. Sá starfsmaður sem sinnir innheimtu sinnir enn fremur störfum fyrir byggingarfulltrúa og er launakostnaður lækkaður sem nemur áætlaðri endurgreiðslu vegna þess.

Beinn kostnaður við rekstur upplýsingakerfa var áætlaður út frá rauntölum 2015 og áætlun 2015, annars vegar fyrir bókhald og hins vegar fyrir launavinnslu. Annar kostnaður við rekstur upplýsingakerfa er flokkaður sem óbeinn skrifstofukostnaður.

Óbeinum skrifstofukostnaði var skipt á störf í sama hlutfalli og launakostnaður skiptist. Við greiningu á óbeinum skrifstofukostnaði var dregin frá sérfræðiþjónusta og annar kostnaður sem færður er á skrifstofu sveitarfélagsins og snýr beint að Rangárþingi ytra.

Launafulltrúi sinnir ennfremur tilteknum störfum við bókhald og er hlutfall af launakostnaði og óbeinum skrifstofukostnaði millifærður á flokkinn bókhald af þeim sökum.

Í neðangreindri töflu eru niðurstöður á greiningu kostnaðarverðs skrifstofu.

Greining kostnaðarverðs skrifstofu	Stjórnun	Bókhald	Laun	Innheimta	Samtals
Launakostnaður					
Annar starfsmannakostnaður					
Endurgr. launakostnaður					
Beinn launakostnaður	17.654.279	19.176.174	7.519.308	2.872.016	47.221.777
Beinn kerfiskostnaður		3.200.000	1.300.000		4.500.000
Húsnæðiskostnaður					
Skrifstofukostnaður					
Önnur þjónusta					
Óbeinn skrifstofukostnaður	8.082.164	8.778.890	3.442.354	1.314.815	21.618.223
Samtals	25.736.443	31.155.064	12.261.663	4.186.830	73.340.000
Mf. bókhaldsstörf launafulltrúa		5.480.831	-5.480.831		0
	25.736.443	36.635.896	6.780.831	4.186.830	73.340.000
Samtals	25.700.000	36.600.000	6.800.000	4.200.000	73.300.000

Verkefni á skrifstofu Rangárbings ytra

Gert er ráð fyrir að á skrifstofu Rangárbings ytra verði veitt þjónusta við eftirtalin samstarfsverkefni sveitarfélaganna eins og fram kemur í drögum að þjónustusamningum:

- Oddi bs.
- Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.
- Húsakynni bs.
- Frístunda- og sumarverkefni
- Gámaplan
- Snjómokstur
- Rekstur íþróttahúsa og sundlauga

Reiknað er með að skrifstofukostnaður vegna gámaplans og snjómoksturs sé óverulegur.

Verkefni á skrifstofu Ásahrepps

Gert er ráð fyrir að á skrifstofu Ásahrepps verði veitt þjónusta við eftirfarandi samstarfsverkefni eins og fram kemur í drögum að þjónustusamningum:

- Holtamannafréttur

Ekki er gerð greining á skrifstofukostnaði Ásahrepps, en þess í stað er byggt á sama grunni og í öðrum verkefnum, þ.e.a.s. kostnaði við rekstur skrifstofu Rangárbings ytra.

Mat á hlutdeild í skrifstofukostnaði

Mat á hlutdeild einstakra verkefna í hverju starfi byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:

Stjórnun – Undir það fellur framkvæmdastjórn byggðasamlaganna, en auk þess vinna við eftirlit og samþykki kostnaðarreikninga fyrir Vatnsveitu og Húsakynni. Varðandi Odda er gengið út frá því að þau störf verði unnin af skólastjórum. Hlutföll miða við áætlaðan tíma sem fer í að sinna þessum störfum sem hlutfall af vinnutíma sveitarstjóra.

Bókhald – Það nær til færslu fjárhagsbókhalds, móttöku reikninga og öflun staðfestinga á réttmæti þeirra, greiðslu reikninga, afstemminga og undirbúnings uppgjors, vinnu tengdri áætlanagerð og annarrar tengdrar þjónustu. Hlutföll eru áætluð m.a. út frá upplýsingum um fjölda hreyfinga kostnaðarreikninga, áætluðum tíma í afstemmingarvinnu og tekið tillit til annarra starfa sem viðkomandi starfsmenn sinna.

Laun – Undir þann lið fellur öflun upplýsinga vegna launavinnslu, varðveisla ráðningarsamninga, stuðningur við forstöðumenn í starfsmannamálum og launamálum, launavinnsla, öflun staðfestinga vegna launavinnslu, umsjón með skráningu orlofs, afstemmingarvinna tengd launum og launatengdum liðum, aðstoð vegna launaáætlana og önnur tengd þjónusta. Hlutföll eru áætluð m.a. út frá upplýsingum um fjölda launamanna. Það er þekkt að launavinnsla fyrir grunnskólakennara er nokkuð flókin í samanburði við launavinnslu annarra starfsmanna og er tekið tillit til þess ásamt því að almennt er fljótlegra að sinna launavinnslu fyrir marga starfsmenn í sambærilegum störfum miðað við fáa starfsmenn í hinum mismunandi störfum hjá mismunandi rekstrareiningum.

Innheimta – Um er að ræða vinnu við reikningagerð og öflun staðfesta forsendna vegna hennar, stofnun og útsending innheimtu vegna reikninga, tekjufærslu, samskipti við innheimtufyrirtæki, vinna tengd afstemmingu viðskiptakrafna, mat á niðurfærsluþörf og önnur tengd þjónusta.

Forsendur mats á hlutdeild	Stjórnun	Bókhald	Laun	Innheimta
Oddi	1,0%	20,0%	50,0%	20,0%
Vatnsveita	1,0%	3,0%	0,0%	1,0%
Húsakynni	1,0%	2,0%	0,0%	3,0%
Frístunda- og sumarverkefni	0,0%	0,5%	1,5%	0,0%
Rekstur íþróttamannvirkja	0,0%	1,5%	4,0%	0,0%
Holtamannaafréttur	1,0%	0,5%	1,5%	2,0%

Að gefnum framangreindum forsendum um hlutdeild hvers aðila í störfum skrifstofunnar er áætluð hlutdeild skrifstofukostnaðar sett fram í neðangreindri töflu.

Áætluð hlutdeild skrifstofukostnaðar	Stjórnun	Bókhald	Laun	Innheimta	Samtals
Oddi	257.000	7.320.000	3.400.000	840.000	11.817.000
Vatnsveita	257.000	1.098.000	0	42.000	1.397.000
Húsakynni	257.000	732.000	0	126.000	1.115.000
Frístunda- og sumarverkefni	0	183.000	102.000	0	285.000
Rekstur íþróttamannvirkja	0	549.000	272.000	0	821.000
Holtamannaafréttur	257.000	183.000	102.000	84.000	626.000

Beinn rekstrarkostnaður

Það skal tekið fram að í framangreindri kostnaðargreiningu og mati er eingöngu lagt mat á hlutdeild í skrifstofukostnaði. Gengið er út frá því að allur beinn rekstrarkostnaður við verkefni skiptist milli sveitarfélaganna í umsömdum hlutföllum.

Í drögum að þjónustusamningi milli Ásahrepps og Rangárbings ytra er reiknað með að Ásahreppur sjái um þau verkefni sem snúa að Holtamannafrétti sbr. 1. gr. e. þ.m.t. umsjón með fasteignagjöldum (fasteignaskatti) sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum. Gert er ráð fyrir að fasteignaskattur af eignum á Holtamannafrétti skiptist þannig að 4/7 tilheyri Ásahreppi en 3/7 tilheyri Rangárbingi ytra. Sama á við um aðrar tekjur og gjöld sem tengjast verkefnum á Holtamannafrétti. Undir það fellur m.a. fjallskilakostnaður, rekstur og viðhald fjallaskála í sameign sveitarfélaganna, skipulagsmál, viðhald og framkvæmdir við girðingar og réttir, uppgræðsluverkefni og kostnaður við fasteignamatsskrá sem tilheyrir þeim eignum sem falla undir framangreint. Það skal tekið fram að sveitarfélögin munu sjá um að leggja fjallskil á greiðendur hvort í sínu sveitarfélagi.

Uppgjör skrifstofukostnaðar

Gert er ráð fyrir að skrifstofukostnaður skiptist í sömu hlutföllum og beinn rekstrarkostnaður. Áætlað er að skrifstofukostnaður vegna Vatnsveitu og Húsakynna verði gjaldfærður í bókhaldi byggðasamlaganna og að þau greiði fyrir þjónustuna til Rangárbings ytra.

Áætlað er að skrifstofukostnaður vegna Odda, Frístunda- og sumarverkefna, reksturs íþróttamannvirkja og Holtamannafréttar verði gerður upp með greiðslum milli sveitarfélaganna. Viðeigandi er að fjárhæðirnar verði tekjufærðar hjá skrifstofu þess sveitarfélags sem veitir þjónustuna en gjaldfærðar hjá skrifstofu hins sveitarfélagsins.

Samantekið 30.11.2015/AUGU